

Nr. 30.
16.
desbr.

Lög

er

banna niðurskurð á hákarli í sjó milli Geirólfsgnúps í Strandasýslu og Skagatáar í Húnavatnssýslu á tímabilinu frá 1. nóvbr. til 14. apríl.

Vjer Christian hinn Niundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. grein.

Á sjávarsvæðinu milli Geirólfsgnúps í Strandasýslu austur að Skagatá á takmörkum Húnavatns- og Skagafjarðarsýslu má enginn, sem veiðir hákarl, hvort heldur á opnum skipum eða þilskipum á tímabilinu frá 1. nóvember til 14. apríl ár hvert sleppa í sjó hákarlaskrokkum eða neinum hluta þeirra, nema formaður skipsins áliti að lífi og skipi sje hættu búin að öðrum kosti.

2. grein.

Í hvert skipti, sem skip kemur frá hákarlaveiði til lands milli Geirólfsgnúps og Skagatáar á tímabili því, sem nefnt er í 1. gr., skal formaður ekki seinna en innan 3 daga senda næsta hreppstjóra skriflegt vottorð undir eiðstilboð um, að engum hákarli hafi verið sleppt í sjó af skipi hans; en hafi svo verið gjört fyrir nauðsyn, þá skriflega skýrslu undirskrifaða af honum og öðrum skipverjum, um öll atvik, er að því lutu. Vottorð þetta eða skýrslu skal hreppstjóri senda sýslumanni með áliti sínu um það, hvort ástæða sje til að rengja vottorð formanns eða skýrslu hans og skipverja.

Þyki vottorð eða skýrsla formanns á nokkurn hátt ósennileg, skal sýslumaður, svo skjótt sem verða má, prófa það mál, og ef þörf gjörist, láta formann og háseta staðfesta skýrslu sína með eiði.

3. grein.

Sýslumenn og hreppstjórar skulu hafa nákvæmt eptirlit með því, að lögum þessum sje hlýtt. Þar sem sýslunefnd þykir nauðsyn til bera, skal sýslumaður að ráði hennar nefna til gæzlumenn, er vera skulu hreppstjóra til aðstoðar við eptirlit hans, og gefur sýslumaður, einnig með ráði sýslunefndar, gæzlumönnum reglur um það, hvernig þeir skuli haga sjer í þessu tilliti.

Sýslunefnd getur veitt úr sýslusjóði hæfilega þóknun hverjum þeim hreppstjóra eða gæzlumanni, er henni þykir þess maklegur.

Nr. 30. Lög 16. des. um bann gegn niðurskurði á hákarli.

Lov

om

Nr. 30.
16de
Decbr.

Forbud imod Udkastning af Havkalv i Søen mellem Geirolfsgnupur i Stranda Syssel og Skagata i Hunavatns Syssel i Tidsrummet fra 1ste Novbr. til 14de April.

Vi Christian den Niende, af Guds Raade Konge til Danmark, de Berders og Gothers, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

Gjøre vitterligt: Althinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Mellem Geirolfsgnupur i Stranda Syssel og Skagata paa Grænsen af Hunavatns og Skagaffjords Syssel maa Ingen, som enten med Baade eller Dæksfartøjer fischer Havkalve i Tidsrummet fra 1ste Novbr. til 14de April hvert Aar, udkaste Halvkalvefroppene eller nogen Del af disse i Søen, med mindre Mandskabets Liv og Fartøjet efter Førerens Skjøn ellers vilde være udsat for Fare.

§ 2.

Hver Gang et Skib, der kommer fra Havkalvefiskeri, løber ind til Landet mellem Geirolfsgnupur og Skagata i det i § 1 nævnte Tidsrum, skal Førerer i det Seneste inden 3 Dage tilstille den nærmest boende Repstyrer en skriftlig Bevidnelse under Edstilbud om, at ingen Havkalv er udkastet i Søen fra hans Fartøj, eller saafremt saadant i Nødstilfælde er sket, en skriftlig af ham og den øvrige Besætning underskrevet Beretning angaaende alle de herhenhørende Omstændigheder. Denne Bevidnelse eller Beretning skal Repstyreren tilstille Sysselmænd og tillige yttre sig, om der maatte være Grund til at bestride Rigtigheden af Førerens Forsikring eller hans og Besætningens Beretning.

Findes Førerens Forsikring eller Beretning paa nogen Maade usandsynlig, skal Sysselmændene saa snart som muligt undersøge Sagen, og i fornødent Fald lade Førerer og Besætningen med Ed bekræfte deres Forklaring.

§ 3.

Sysselmænd og Repstyrere skulle nøje paase, at nærværende Lov overholdes. Hvor Sysselforstanderskabet finder det nødvendigt, skal Sysselmændene paa dets Forslag udnævne Opsynsmænd til at bistaa Repstyreren med Tilsynet. Sysselmændene giver ligeledes efter Samraad med Sysselforstanderskabet disse Opsynsmænd Regler for, hvorledes de i saa Henseende have at forholde sig.

Sysselforstanderskabet kan tilstaa Repstyrere eller Opsynsmænd, der maatte findes værdige dertil, et passende Honorar af Sysselskats Kasse.

Nr. 30. Lov 16de Decbr. om Forbud imod Udkastning af Havkalv.

Nr. 30.

16.
desbr.

4. grein.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, er nemi allt að 20 kr. fyrir hverja tunnu (120 potta) hákarlslifrar, er til lands er flutt, án þess hákarl fylgi, og allt að 20 kr. fyrir vanrækt að senda vottorð eða skýrslu, sem boðið er í 2. gr.

Formaður svarar til sekta, en taka skal þær fyrir brot móti 1. gr. af aflanum, eptir sem tala rennur til.

5. grein.

Sektir eptir lögum þessum renna hálfar í sveitarsjóð, þar sem skip það, er hlut á að máli, hefur uppsátur, en hálfar til hreppstjóra eða gæzlumanns þess, sem orðið hefur til að leiða brot í ljós.

6. grein.

Með mál, er rísa út af broti gegn lögum þessum, skal fara sem opinber lögreglumál.

7. grein.

Lög þessi öðlast gildi 2. janúar 1886.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 16. desember 1885.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

J. Nellemann.

§ 4.

Nr. 30.
16de
Decbr.

Overtrædelser af nærværende Lov straffes med Bøder af indtil 20 Kr. for hver Tønne (120 Potter) Havkalvelever, der bringes iland, uden at Havkalvekrøppene følge med, og indtil 20 Kr. for Forsømmelse af at sende den i § 2 paabudte Bevidnelse eller Beretning.

Føreren af Fartøjet staa inde for Bødernes Betaling. Bøder for Overtrædelse af § 1 afholdes af Fangsten efter rigtigt Forhold.

§ 5.

Bøder ifølge nærværende Lov tilfalde med deres halve Beløb Kommunens Kasse, paa det Sted, hvor vedkommende Fartøj har Liggeplads, hvorefter den anden Halvdel tilfalder den Repstyrer eller Opsynsmand, hvem Forseelsens Opdagelse skyldes.

§ 6.

Sager angaaende Overtrædelse af nærværende Lov behandles som offentlige Politifager.

§ 7.

Denne Lov træder i Kraft den 2den Januar 1886.

Hvorefter alle Vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 16de December 1885.

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

Christian R.

(L. S.)

J. Nellemann.